

Nd.

232. Frumvarp til laga

[126. mál]

um breyting á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975 um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 9/1977 orðist svo:

1. Á árinu 1978 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjald þetta skal nema 2% af gjaldstofni álagðra útsvara 1978, skv. 1., 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 8 18. maí 1972 um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, þó að frádregnum:
 - a. bótum samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum;
 - b. námsfrádrætti er skattstjóri ákveður vegna þeirra er stunda nám í a. m. k. sex mánuði á árinu;
 - c. lækkunum skattgjaldstekna er skattstjóri ákveður samkvæmt 52. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 með síðari breytingum;
 - d. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkv. a.-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1977, 300 000 kr. og hjá hjónum 500 000 kr.
3. Eigi skal gjald þetta lagt á þá, sem ekki yrði gert að greiða útsvar væri það 10% af gjaldstofni sem ákvarðaður er samkvæmt 2. tl., að frádreginni lækkun útsvars samkv. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum. Sjúkra-tryggingagjaldið skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt lögum nr. 68 15. júní 1971, með síðari breytingum.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkra-samlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1.—4. tl. þessa ákvæðis, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.